

**Nd.**

**717. Tillaga**

til þingsályktunar um ellitryggingar.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni og Bjarna Ásgeirssyni.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara rannsókn og nndirbúning undir að koma á almennum ellitryggingum í landinu og leggja fyrir næsta þing tillögur í því efni.

A s t æ ð u r .

Telja má tímabært, að komið verði á almennum ellitryggingum, auk þess sem búast má við, að fátækramál þjóðarinnar verði ekki leyst með öðrum bætti en að auka skyldutryggingar almennings. Nánar í framsögu.